

Ed.

220. Frumvarp til laga

[94. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. október 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 1. töluliðs 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verja skal 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi frá 1. janúar 1968 til að greiða fyrir hagrannsóknnum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar allt að 1.5 millj. króna til að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði það tjón, sem hann hefur, að mati stjórnar Iðnlánasjóðs, beðið vegna ákvarðana stjórnarvalda um breytingu á reglum um möskvastærðir fiskineta 1963 og 1964.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Breytingartillaga þessi er flutt vegna tilmæla Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, og fylgdi málinu eftirfarandi greinargerð frá samtökum þessum:

„Með lögum um Iðnlánasjóð frá apríl 1963 var ákveðið að afla sjóðnum tekna með sérstöku gjaldi á allan iðnrekstur í landinu, svokölluðu Iðnlánasjóðsgjaldi, sem nemur 0.4% af aðstöðugjaldsstofni iðnfyrirtækja. Tekjustofn þessi hefur orðið Iðnlánasjóði veruleg lyftistöng, eins og sést á því, að álagt iðnlánasjóðsgjald á undanförunum 3 árum nemur tæplega 50 millj. kr. og er áætlað nálægt 20 millj. kr. á þessu ári. Tekjum af gjaldi þessu hefur hingað til eingöngu verið varið til beinna lánveitinga til iðnfyrirtækja, til byggingar iðnaðarhúsnæðis, til véla- og tækjakaupa og til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.

Að undanförunu hefur verið rætt um það innan Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, að nauðsynlegt væri að beina auknu fjármagni til

aðgerða, sem beinlínis leiddu til bættrar samkeppnisaðstöðu heilla iðngreina gagnvart erlendri samkeppni og stuðluðu á annan hátt að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun almennt í landinu. Samtökin hafa því komið sér saman um að leita eftir því, að tilteknum hluta — 10% — af iðnlánasjóðsgjaldinu, sem er beint framlag iðnrekstursins í landinu verði ráðstafað á annan hátt en til beinna lánveitinga. Er þá m. a. haft í huga, að brýna nauðsyn ber til þess að gera ítarlegar athuganir á starfsgrundvelli eintakra iðngreina, ekki sízt með tilliti til þeirrar þróunar í markaðsmálum Íslendinga, sem vænta má, að muni eiga sér stað í náinni framtíð, og í framhaldi af slíkum athugunum þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að iðngreinarnar verði færar um að aðlagast nýjum markaðsviðhorfum.

Enn fremur þyrfti að verja nokkru fjármagni til athugana á lánsfjárbörf einstakra iðngreina, en með því móti mætti vafalaust tryggja betri nýtingu lánsfjár sjóðsins, en stjórn sjóðsins hefur enga möguleika, eins og nú er, til þess að kanna lánsfjárbörf einstakra iðngreina. Slíkar athuganir yrðu áreiðanlega til hagsbóta fyrir iðnaðinn í heild.

En til þess að hægt sé að reka framangreinda starfsemi þarf nokkurt fjármagn, sem ekki hefur verið fyrir hendi. Tillaga þessi felur í sér, að 10% af framlagi iðnaðarins til Iðnlánasjóðs verði varið með öðrum hætti en til lánveitinga. Lánamögu-leikar sjóðsins mundu aðeins skerðast um ca. 3% miðað við útlán síðasta árs, en um leið opnast önnur leið fyrir sjóðinn til þess að efla iðnaðinn og styðja að jákvæðri iðnþróun í landinu.“

Um 2. gr.

Allt frá því á ófriðarárunum hefur Hampiðjan verið aðalframleiðandi á botnvörpunetum fyrir togarana. Það var því orðin hefðbundin þjónusta við togaraflo-ann, að fyrirtækið hefði fyrirbyggjandi birgðir af botnvörpunetum, sem útgerðin gat keypt eftir hendinni. Var Hampiðjan eina birgðastöð með umræddar vörur hér á landi.

Samkvæmt reglugerð nr. 33 18. marz 1954 var lágmarksstærð möskva í botnvörpunetum, án tillits til þess úr hvaða efni þau voru gerð, 110 mm. Með því fyrirkomulagi vildu togaraskipstjórar heldur nota net úr manillahampi en úr gerviefnum.

Hinn 1. október 1963 gekk í gildi ný reglugerð, nr. 166 13. september 1963, um möskvastærðir á veiðisvæðum togaranna, og var þá í fyrsta skipti ákveðin önnur möskvastærð á netum úr manillahampi en úr gerviefnum eða 120 mm lágmarksstærð á netum úr manillahampi og 110 mm á netum úr gerviefnum. Frá 1. júní 1964 var þessi mismunur látinn taka til enn stærri veiðisvæða en áður.

Hampiðjan hagaði þegar framleiðslu sinni í samræmi við hina nýju reglugerð, en nú brá svo við, að togaraskipstjórar tóku að kvarta um, að fiskur ánetjaðist í hampnetum til stórra tafa við veiðarnar. Beztu fiskimennirnir töldu nú hampnetin ónothæf, t. d. við karfaveiðar. Urðu þessar ráðstafanir stjórnarvalda til þess að flýta fyrir algjörri byltingu í efnisnotkun í botnvörpur, en það olli Hampiðjunni, sem átti birgðir af netum úr manillahampi með fyrirskipaðri lágmarksstærð á möskvum, tilfínanlegu tjóni. Stjórnendur Hampiðjunnar hafa metið þetta tjón af úreldingu vörubirgða á kr. 1 487 000.00. Er þá ótalið það tjón, sem fyrirtækið varð fyrir við að missa mikinn hluta markaðsins fyrir botnvörpur. Þykir sanngjarnt að bæta Hampiðjunni það beina tjón, sem hún hefur þannig beðið.

Með 2. gr. frumvarps þessa er lagt til, að lánadeild veiðarfæraíðnaðar verði gert kleift að bæta Hampiðjunni umrætt tjón eftir mati stjórnar Iðnlánasjóðs og að heimilað verði að greiða lánadeildinni úr ríkissjóði nauðsynlegt fé til þessa, allt að 1.5 millj. króna.